



Íslenskir útvegsmenn og auðlindin



Ábyrg stjórn fiskveiða við Ísland

Þróun aflamarkskerfisins

- 1975** Kvóti settur á síldveiðar
- 1979** Framsal heimilað á síldarkvótum
- 1980** Kvóti settur á loðnuveiðar
- 1984** Kvóti settur á botnfiskveiðar
- 1986** Framsal heimilað á loðnukvótum
- 1988** Framsal heimilað á öllum tegundum.
- 1990** Heilsteypu kerfi framseljanlegra aflaheimilda komið á í öllum kvótabundnum tegundum

Flestar náttúruauðlindir heimsins eru takmarkaðar. Fiskurinn í sjónum er þar engin undantekning, en hann er helsta náttúruauðlind Íslendinga, ásamt orku fallvatna og jarðhita. Sjávarútvegurinn er ein meginstoðin undir hagsæld þjóðarinnar og skapar Íslendingum meira en helming útflutningstekna sinna.

Íslenskir útvegsmenn hafa lengi fylgt þeirri stefnu að stunda beri sjálfbærar veiðar úr fiskistofnunum við landið og stuðla um leið að vexti þeirra. Þeir leggja áherslu á skynsamlega nýtingu fiskistofnanna, góða umgengni við sjávarauðlindina, ásamt því að fylgja ströngum gæðastöðlum um vöruvöndun og vörumeðferð.

Með nútíma tækni er auðvelt að ganga of nærri fiskistofnunum og eru ýmsir stofnar í heiminum ofveiddir. Vegna þess er nauðsynlegt að stjórna veiðunum. Íslendingar hafa stýrt þeim undanfarin ár með því að ákveða hámarksafla fyrir hverja fisktegund sem skipt er niður á skip eftir fyrirfram ákveðnum aðferðum. Leyfilegur hámarksafla er ákveðinn með tilliti til ráðgjafar fiskifræðinga.

Íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið er oft nefnt aflamarkskerfi eða kvótakerfi og er markmið þess að hámarka afrakstur fiskistofnanna og að arðsemi veiðanna verði sem mest til lengri tíma lítið.

Í upphafi tíunda áratugar síðustu aldar var aflamarkskerfið fest í sessi á þann veg að útgerðum var úthlutað varanlegri aflahlutdeild í þeim tegundum sem voru kvótabundnar; þ.e. ákveðnu hlutfalli af leyfðum hámarksafla í viðkomandi fiskistofni. Það varð til þess að skapa meiri stöðugleika í rekstrinum og frekari skipulagningu hans með langtímamarkmið í huga. Útgerðum er með ákveðnum takmörkunum heimilt að framselja sín á milli bæði aflahlutdeild og aflamark. Aflamark er sá afli sem hverju skipi er heimilt að veiða. Framsal veiðiheimilda er nauðsynlegt til að útgerðir geti hagrætt í rekstri sínum, sameinað veiðiheimildir og aukið arðsemi greinarinnar. Frá tilkomu aflamarkskerfisins hefur stærsti hluti varanlegra veiðiheimilda skipt um hendur.

Auk ávörðunar heildaraflamagns og skiptingu þess hefur fiskveiðum við Ísland um langa hríð verið stjórnað með verndun stórra svæða þar sem smáfiskur heldur sig, takmörkun veiða á hrygningarslóðum, takmörkunum á möskvastærð veiðarfæra, notkun skilja í veiðarfærum til að sleppa fiski úr þeim, takmörkun á því hvernig skip og veiðarfæri má nota á einstökum veiðisvæðum o.fl.

Með vaxandi menntun og velmegun þjóða heims verða kröfur um hollustu og heilnæmi matvæla meira áberandi. Fiskurinn sem veiðist á Íslandsmiðum er mjög hollur og heilnæmur sökum hreinleika.

Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki eru í fremstu röð í heiminum á sínu sviði. Hjá þeim starfar vel menntað og hæft starfsfólk sem nýtur góðra kjara. Með fullkomnum tæknibúnaði sem nýttur er við veiðar og vinnslu aflans og færni starfsfólksins tekst að varðveita ferskleika afurðanna. Þetta gerir íslenskan fisk að eftirsótttri gæða- og hollustuvöru á helstu mörkuðum heimsins.

Íslendingar hafa lengi lagt áherslu á markaðssetningu sjávarafurða og átt öflug fyrirtæki sem selja afurðirnar víða um heim.



Porskur

Þorskur er mikilvægasti nytjafiskur á Íslandsmiðum. Hann er ýmist seldur úr landi ferskur, frosinn eða saltaður. Helstu markaðslönd eru fjölmörg Evrópulönd, auk Bandaríkjanna og landa í Suður-Ameríku.


Ráðstöfun afla 2001

- Landfryst
- Sjófryst
- Saltað
- Ísaður fiskur og flök
- Annað
- Fiskimjöl og lýsi

Porskur



Loðna




Karfi



Rækja



Afli Íslendinga 1905 -2001





Ýsa

Ýsa er Íslendingum mikilvæg fisktegund. Hún er bæði flutt fersk og frosin á erlenda markaði, en einnig er hún vinsæll matur á borðum landsmanna. Helstu markaðslönd eru Bretland og Bandaríkin.



Ufsi

Ufsi er aðallega veiddur í botnvörpu og net við Íslandsstrendur. Hann er einkum fluttur frosinn eða saltaður á erlenda markaði. Helstu markaðslönd ufsa eru í Evrópu og fer meginhlutinn til Þýskalands. Einnig er ufsi seldur til Bandaríkjanna og Kanada.



Karfi

Karfi sem veiddur er á Íslandsmiðum er nær allur fluttur á erlenda markaði. Sá karfi sem Íslendingar veiða greinist í þrjá undirflokkka, gullkarfa, djúpkarfa og úthafskarfa. Hann er ýmist veiddur í botn- eða flotvörpu. Hann er einkum seldur til Þýskalands og landa í Asíu.



Grálúða

Grálúðan sem veiðist við Ísland er talin vera af stofni sem einnig lifir við Austur-Grænland og Færeyjar. Mikilvægustu markaðir Íslendinga fyrir grálúðu eru í Asíu og Evrópu.

Að Landssambandi íslenskra útvegsmanna, LÍÚ, standa félög útvegsmanna víða um land, en innan þeirra eru útgerðarfyrirtæki í fjölbreyttum rekstri. Tilgangur LÍÚ er að vinna að hagsmunamálum félagsmanna.

Íslensk útgerðarfyrirtæki eru fjölmörg og eru flest þeirra á landsbyggðinni. Þróunin undanfarin ár hefur verið sú að fyrirtækjunum hefur fækkað, en þau hafa jafnframt stækkað. Mikil hagræðing hefur átt sér stað í atvinnugreininni sem hefur stuðlað að aukinni hagkvæmni hennar. Stöðugleiki í greininni hefur aukist og afkoma batnað.

Þrátt fyrir samruna fyrirtækja hefur atvinnugreinin ennþá margbreytileg fyrirtæki innan sinna vébanda. Þar eru einstaklingsútgerðir algengar sem og almenningshlutafélög þar sem einstaklingar, hlutabréfasjóðir, fjárfestingafélög og lífeyrissjóðir hafa fest fé sitt. Þannig eru flestir Íslendingar hluthafar í fyrirtækjunum með beinum eða óbeinum hætti. Fjölbreytt starfsemi er innan fyrirtækjanna sem sum hver eru með starfsemi í öðrum löndum. Ýmis þeirra stunda veiðar eingöngu, önnur eru bæði í veiðum og vinnslu og sum sjá einnig um markaðs- og sölumálin.

Vorið 2002 var ákveðið að leggja auðlindagjald á íslenskar útgerðir. Útvegsmenn telja að slíkt gjald skekki stöðu greinarinnar í samkeppni á erlendum mörkuðum, þar sem sjávarútvegur er gjarnan ríkisstyrktur. Gjaldið hefur neikvæð áhrif á afkomu fyrirtækjanna og einnig á stöðu landsbyggðarinnar, en útgerðirnar eru flestar utan höfuðborgarsvæðisins. Íslenskar útgerðir njóta engra opinberra styrkja og atvinnugreinin stendur á eigin fótum.





Hvalveiðar eru nauðsynlegar

Samkvæmt rannsóknum Hafrannsóknastofnunarinnar er ástand hvalastofna við Ísland almennt gott. Fjöldi hvala, bæði stórra og smárra við Ísland skiptir hundruðum þúsunda dýra. Varhugavert er að láta hvalastofna stækka hömlulaust því afrán hvala hefur neikvæð áhrif á fiskistofna og hefur veruleg áhrif á möguleika Íslendinga til fiskveiða. Hvalir éta gífurlegt magn fæðu og er talið að fæðunám þeirra við Ísland nemi um 6 milljónum tonna af sjávarfangi á ári, þar af um 2 milljónum tonna af fiskmeti. Fiskafli Íslendinga hefur á undanförmum árum numið 1,5 - 2 milljónum tonna á hverju ári.

Að mati vísindamanna þolir hrefnustofninn í Norður-Atlantshafi veiðar mjög vel, enda er stofnstærðin nú nálægt því sem talið er að hún hafi verið áður en veiðar hófust. Þær veiðar sem stundaðar voru mestanpart síðustu aldar, höfðu hverfandi áhrif á stofnstærðina. Svipaða sögu er að segja af sandreyði og telja vísindamenn að veiðar Íslendinga á sandreyði á sínum tíma hafi ekki haft merkjanleg áhrif á stofninn.

Hnúfubakur hefur fjölgað sér gríðarlega undanfarin ár og benda niðurstöður vísindamanna til þess að hann fjölgi sér um 11% á ári.

Stofn langreyðar er í góðu horfi og fer stækkandi. Áætlað er að stofnstærð langreyðar á Norður-Atlantshafi sé a.m.k. 50 þúsund dýr; þar af um 16.000 dýr í hafinu á milli Íslands og Austur-Grænlands.

Vísindamenn Hafrannsóknastofnunarinnar hafa árlega mörg undanfarin ár lagt til veiðar á langreyði og hrefnu og gert tillögu um veiðikvóta fyrir þessi dýr.



Loðna

Loðna veiðist í miklum mæli við Ísland. Mestur hluti loðnunnar er bræddur í lýsi og mjöl. Helstu markaðslönd fyrir þær afurðir eru í Norður-Evrópu.

Loðnuhrogn og heilfryst loðna er seld til Japans. Síðustu árin hefur heilfryst loðna verið flutt út í auknum mæli til Austur-Evrópu.



Rækja

Rækjan við Ísland er ýmist á grunnslóð og þá kölluð innfjarðarrækja, eða á meira dýpi, þá kölluð úthafsækja. Rækja er einnig veidd á Flæmingjagrunni út af Nýfundnalandi og Dhornbanka vestur af landinu. Helstu markaðir eru í Evrópu og Japan. Vinnsla rækju fer bæði fram í vinnsluskipum úti á sjó og í verksmiðjum í landi.



Fiskiskipafloti Íslendinga



Humar

Humar veiðist aðallega undan suður-, suðaustur- og suðvesturströndinni. Nú er farið að veiða humar allt árið, en aðalvertíðin er frá 15. maí til ágústloka. Humar er ýmist heilfrystur fyrir Evrópulönd, svo sem Spán, Frakkland, Ítalíu og Sviss, eða halinn slitinn af honum og frystur fyrir Ameríkumarkað.



Hörpudiskur

Hörpudiskurinn veiðist að langmestu leyti í Breiðafirði. Við veiðarnar er notaður sérstakur plógur. Vöðvinn í hörpuskelinni er nýttur og er hann frystur. Helsti markaður fyrir hörpudisk er í Frakklandi, en einnig fer nokkurt magn til Bandaríkjana, sem voru áður helsta markaðssvæðið.

Í fiskiskipaflota Íslendinga eru skip af ýmsum stærðum og gerðum. Þar má nefna svonefnd fjölveiðiskip, frystitogara, sem vinna aflann og frysta um borð, ísfisktogara sem koma með kældan afla að landi og nóta- og togskip sem veiða uppsjávarfisk, svo sem síld og loðnu. Þá eru fjölmargir bátar af ýmsum stærðum og gerðum sem veiða ýmist á línu, í net, með dragnót, botnvörpu eða handfærum. Botnlægar fiskteygundir, svo sem þorskur, ýsa, ufsi, grálúða, karfi og koli eru einkum veiddar í botnvörpu, á línu, í net og með snurvoð. Uppsjávarfiskur er veiddur í nót og flotvörpu. Úthafskarfi er einkum veiddur í flotvörpu, rækja er veidd í botnvörpu og einnig humar, en skelfiskur er veiddur með plógi.





Umhverfisstefna íslenskra útvegsmanna

Landssdamband íslenskra útvegsmanna hefur markað stefnu útvegsmanna í umhverfismálum. Samtökin hafa veitt þeim fyrirtækjum sem skara fram úr í umhverfismálum, sérstök umhverfisverðlaun. Umhverfisstefna LÍÚ er í átta liðum.

1. LÍÚ mun vinna að því að viðhalda hreinu og heilnæmu hafsvæði umhverfis Ísland.
2. LÍÚ mun stuðla að áframhaldandi sjálfbærri nýtingu auðlinda sjávar.
3. LÍÚ mun beita sér fyrir því að útbúnaður veiðarfæra leiði til góðrar nýtingar auðlinda sjávar.
4. LÍÚ mun beita sér fyrir eflingu hafrannsókna.
5. LÍÚ mun beita sér fyrir því að leiðbeina félögum þannig að þeir séu betur í stakk búnir til uppfylla kröfur sem fram koma í lögum og reglugerðum.
6. LÍÚ mun kappkosta að upplýsa almenning um umhverfisáhrif útgerðarinnar.
7. LÍÚ mun markvisst vinna að eflingu umhverfisvitundar starfsmanna útgerða.
8. LÍÚ mun vinna að því að fá stjórnvöld og aðra aðila í sjávarútvegi til liðs við sig um þessa umhverfisstefnu.

Áfangasiglar í landhelgismálum

- | | |
|-------------|-----------------------------------------------------------------------|
| 1948 | Íslendingar setja lög um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins |
| 1952 | 4 mílna fiskveiðilögsaga |
| 1958 | 12 mílna fiskveiðilögsaga |
| 1972 | 50 mílna fiskveiðilögsaga |
| 1975 | 200 mílna fiskveiðilögsaga |



Síld

Síld hefur lengi verið mikilvægur nytjafiskur við Ísland. Hún er seld úr landi frosin eða söltuð, en einnig fer nokkur hluti aflans til bræðslu og er unninn í lýsi og mjöl. Helstu markaðslönd fyrir síldarafurðir eru í Evrópu.



Landssamband íslenskra útvegsmanna

Borgartúni 35

105 Reykjavík

Sími 591 0300 • Fax 591 0301 • www.liu.is